



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
í móttöku borgarstjórans í Osló
í tilefni af 100 ára afmæli
Íslendingafélagsins í Osló og nágrenni**

20. október 2023

Kæri borgarstjóri,
formaður Íslendingafélagsins í Osló og nágrenni,
góðir áheyrendur.

Ég þakka borgarstjóra og borgaryfirvöldum þá góðvild að bjóða til þessarar móttöku fyrir Íslendingafélagið hér í borg. Ég segi fyrir hönd okkar Íslendinga að okkur þykir vænt um að geta fagnað aldarafmæli félagsins í þessu fallega ráðhúsi, einu helsta kennileiti Oslóar.

Síðustu daga hef ég notið Íslandsdaga, ýmissa viðburða í borginni á sviði menningar og viðskipta og þakka ég öllum sem hafa lagt hönd á plóg. Má þar meðal annars nefna íslensk fyrirtæki með umsvif hér í Noregi í fjölmörgum geirum.

Íslandsdagarnir minna okkur á hin sterku bönd sem tengja okkur saman, Íslendinga og Norðmenn. Þau eru auðvitað ævaforð. Segja má söguna af því að á sínum tíma hafi norskir höfðingjar horfið héðan með allt sitt lið og haldið til ónumins lands úti í hafsauga – vegna ofríkis og skattheimtu Haralds konungs hárfagra. Ef við leggjum fullan trúnað á það getum við svo sem líka bent á að um okkar daga hafa forystumenn í norsku fiskeldi gantast með það að kannski þurfi þeir að flýja til Íslands út af auknum álögum og ströngum reglum um umhverfisvernd hér í landi. Svona getur sagan þá endurtekið sig.

Saman eigum við Norðmenn og Íslendingar svo söguna um stórfellda fólksflutninga vestur um haf á níjtjándu öld. Ekki hefur hún endurtekið sig í seinni tíð þótt síðasti Bandaríkjaforseti hafi reyndar sagt, eins og vakti nokkra

athygli, að best væri að fá Norðmenn til að flytjast þangað vestur. Nei takk, sögðu margir Norðmenn þá og orðin vöktu litla lukku í þessu velsældarríki enda fátt sem ætti að fá fólk til að vilja hverfa héðan um okkar daga.

Þegar vesturheimsferðirnar stóðu sem hæst litu margir Íslendingar líka til Noregs með aðdáun. Hér höfðu menn samið sér stjórnarskrá á Eiðsvöllum, hér kunnu menn að nýta síld og hval í ríkari mæli en við heima og hér eflidist ungmenna- og lýðskólahugsun fyrr og betur en heima á Íslandi. Allnokkrir Íslendingar komu hingað og í þeim hópi voru langafi minn og langamma. Bæði lýstu Noregi fjálglega í endurminningum sínum en samt sneru þau heim. Það var kannski eins gott því að annars væri ég varla hér – í það minnsta ekki í þessum sporum í konungsríkinu Noregi.

En sumir Íslendingar settust hér að til frambúðar og að því kom hér í Osló að þeir stofnuðu með sér félag – Íslendingafélag. Það gerðist 1. desember 1923, réttum fimm árum eftir að Ísland varð frjálst og fullvalda ríki. Ætla má að þá hafi nokkrir tugir Íslendinga búið í þessari borg og í þeim hópi var víst talsverður fjöldi kvenna sem gifst höfðu Norðmönnum.

Ekki var félagið virkt fyrstu áratuginu en eftir síðari heimsstyrjöldina færðist fjör í leikinn. Að öðrum ólöstuðum ber þar helst að þakka Guðrúnu Brunborg. Hún flutti til Noregs árið 1919 til að læra hjúkrun, gekk að eiga heimamann og til að gera langa sögu stutta varð hún lífið og sálin í samfélagi Íslendinga í Osló. Stóð hún meðal annars að kaupum á leigurétti fyrir íslenska námsmenn á stúdentagörðum og munaði um minna.

Um síðir tókst einnig að nýta sérstakan sjóð Íslendingafélagsins til kaupa á húsinu góða við Norefjell sem hefur verið vinsælt athvarf félagsmanna í áratugi.

Íslendingum í Osló og nágrenni fjölgaði sífellt, ekki síst námsmönnum, og margir þeirra létu að sér kveða í samfélaginu, bæði hér og heima. Upp úr 1968 gerðist ungt fólk róttækara og íslenskir námsmenn voru með í því umróti. Á þeim árum studdu þeir líka málstað Íslands í landhelgismálinu, þorskastríðunum, og var stundum eftir því tekið. „Styðjum 50 mílurnar!“ Það slagorð heyrðist gjarnan fyrir réttum 50 árum.

Svo voru fastir liðir í starfsemi Íslendingafélagsins – hátíðahöld á þjóðhátíðardaginn 17. júní og fullveldisdaginn 1. desember, að ekki sé minnst á þorablót síðla vetrar. Landar hittust einnig og skiptust á blöðum og fréttum að heiman. Fréttabréfið Kakali kom út og félagið stóð fyrir útvarpssendingum um skeið.

Ágætu áheyrendur: Ný öld hefur fært okkur nýja tíma. Tæknin gerir okkur kleift að eiga í samskiptum á marga vegu þótt höf skilji að. Nú er líka flogið milli Íslands og Noregs miklu oftar en áður. Og nú eru þeir margfalt fleiri

Íslendingarnir sem búa í þessu landi en þegar Íslendingafélagið í Osló var stofnað fyrir hundrað árum. Við síðustu talningu bjuggu ríflega 9.000 íslenskir ríkisborgarar í Noregi.

Hvers vegna flytja Íslendingar hingað? Fyrir því eru margar mismunandi ástæður en ég gerði mér til gamans að skoða vísbendingar um slíkt á Fésbókarsíðu Íslendinga í Noregi. Oft er efnahagsástandið heima nefnt, langir vinnudagar og lægri laun, háir vextir og verðtrygging lána, staðan í stjórnmalunum og jafnvel veðrið og fjarlægðin frá öðrum löndum. Sumt hlýtur að vera hægt að bæta en á sinn hátt er skiljanlegt að fólk kjósi að flytja hingað í þennan sælunnar reit. Á mörgum listum um lífsgæði trónir Noregur á toppnum eða við hann. Ég nefni sem dæmi að á lista yfir ríki um hamingju og hagsæld sem Gallup tekur saman er Noregur í sjöunda sæti í ár. Vonandi fyrirgefst mér þó sem forseta Íslands að benda um leið á að landið mitt vermir þar þriðja sætið.

Mest er um vert að fólki líði vel hvar sem það dvelur hverju sinni. Nú þegar stríð geisa víða megum við Norðurlandabúar þakka fyrir þann frið og þá velsæld sem við njótum þótt við skulum ætíð stefna að því að gera enn betur.

Kæri borgarstjóri! Ég ítreka þakkir mínar fyrir þitt góða boð og óska öllum íbúum Oslóborgar velfarnaðar. Í Hávamálum, hinum fornu vísdómsorðum Óðins, sem varðveitt eru í Konungsbók Eddukvæða, má finna þennan kveðskap um gildi vináttu og hvernig henni skuli haldið við:

Veistu ef þú vin átt,
þann er þú vel trúir,
og vilt þú af honum gott geta,
geði skaltu við þann blanda
og gjöfum skipta,
fara að finna oft.

Þessi orð eru enn í fullu gildi. Megi sönn vinátta Íslendinga og Norðmanna styrkjast og eflast enn frekar, og megi Íslendingafélagið í Osló og nágrenni dafna á nýrri öld.